

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Jarðhitadeild

J A R Ð L A G A S N I Ð

HK/JT/kó

Október 1966

J A R Þ L A G A S N I D

HF/JT/kó

EFNISYFIRLIT

Hrafnkelsstaðir

Hola I

bls. 1

Risar Óxl

" I

" 3

HRAFNKELSGTAPIR

HOLA I

- 1.5^m-17.3 Basalt - Þétt, mjög hart, milligrátt, dulkornótt með stökum ljósum dílum og stærri dökkum mineralkornum. Töluvert mikið sprungið með svörtum leirkenndum sprungufyllingum. Neðst er basaltið linara og mjög molað.
- 17.3-17.4 Rauðbrúnt leirkennt millilag með dökkum eitlum í. Fremur hart. Á sprungufleti eru útfelldir zeolitar.
- 17.4-26.8 Basalt - Rauðgráleitt, frauðkennt basalt, holufyllt með grænleitum vaxkenndum fyllingum. Basaltið er dulkornað og hvítdílótt. Mjög sprungið, með grænum leirkenndum fyllingum og einnig hvítum, sennilega zeolitum. Frá ca. 19.5 m d. verður basaltið mun þéttara með stökum stórum blöðrum, fylltum zeolitum. Frá 20.5-20.6 m. d. sjást ekki blöðrur í berginu. Basaltið er þar orðið milligrátt, hvítdílótt og finkornótt með stærri svargrænum mineralkornum. Það er enn mjög sprungið með grænleitum og bláleitum sprunguflötum. Frá u.þ.b. 26.3 verður basaltið aftur frauðkenndara og rauðleitt.
- 26.8-27.4 Rautt leirkennt millilag. Dökkbrúnt á lit á bilinu 27.0-27.2 m. Síðan aftur tigulsteinsrautt.
- 27.4-28.0 Blöðrótt basalt, dökkt og myndbreytt. Með grænum, vaxkenndum holufyllingum. Mjög molað.
- 28.0-29.1 Konglomerat- Gráleitt með litlum millimassa. Fremur gróft efst, fínna og rauðleitt á lit neðsta 1/2 m. Í 28.9 m d. er grófur sandur, mjög heterogen korn.
- 30.1-44.0 Basalt - Ljósgrátt, dulkornað, þétt með stökum blöðrum, fylltum zeolitum. Töluvert mikið sprungið, sérstaklega á bilinu 42.4-43.0 m. d. með grænleitum leir á sprunguflötum. Frá u.þ.b. 43.6 m. d. verður basaltið rauðgráleitt og frauðkennt með grænleitum leirfyllingum í blöðrum.

44:0-47.0 Figulsteinsrauður leirsteinn. Fitukenndur efst. Leir-
steinninn gengur jafnt yfir í fínan sandstein frá ca.
45.1 m. d. og verður rauðbrúnn að lit. Sandsteinninn
verður smám saman grófari. Neðst við mörkin er lagið
brúnt og leirkennt.

47.0-47.9 Konglomerat - Gráleitir, fremur samstæðir basaltmolar
í dökku milliefni. Basaltmolarnir eru blöðröttir og
holufylltir með hvítum fyllingum, sennilega kalkspatti.
Grænleitar leirfyllingar eru á stöku stað í konglomerat-
inu.

47.9-49.45 Finkornað, ljósgrátt basalt með grænleitri slikju. Blöð-
rótt og holufyllt með hvítum krystalfyllingum (zeolitar) oft með
grænni yfirborðshimnu.
Mjög sprungið á bilinu 48.6-49.3 m. d. með grænleitur
leir í sprungum.

Sýnishorn:

Dýpi í m.

Bakki I:

1.7	28.9	47.9
7.4	29.5	48.1
9.6	30.0	48.6
14.8	30.1	49.4
16.9	30.5	

Bakki II:

17.2	
17.3	32.9
17.4	36.6
19.5	38.5
23.3	43.5
26.3	43.6
26.7	44.1
26.8	44.2
27.0	45.1
27.3	45.6
27.4	46.0
27.9	46.9
28.1	47.1
28.7	

Bor: Sullivan III
25.7 - 5.8 '66

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Jarðhitadeild

Hrafkelsstaðir N-Múlas.

Hola I Jarðlagasnið

5.10. '66 H.K./I.S.

J-Hrafkelsstaðir

Tnr. I

Fnr. 7584

Dýpi
m

0

1,5

17,3

17,4

19,5

26,3

26,8

27,4

28,0

30,1


44,0

45,1

47,0

47,9

49,45



Basalt - þétt, milligrátt, töluvert sprungið

Leirkennt millilag

Basalt - rauðgráleitt frauðkennt hvítdílótt

Basalt - þétt, finkornað, hvítdílótt

Leirkennt millilag, rauðbrúnt

Basalt - dökkt blöðrótt,

Konglomerat

Basalt, ljósgrátt, dulkornað, þétt

Leirsteinn - tígulsteinsrauður, fitukenndur

Sandsteinn rauðbrúnn efst, dekkri neðst

Konglomerat

Basalt - ljósgrátt, blöðrótt, mjög sprungið

Botn

EIÐAR ÖXL

HOLA I

- 0.0-13.7 Basalt, milligrátt, finkornótt, mjög þétt. Með ljósum dílum og stærri dökkum mineralkornum. Nokkuð sprungið, mest efsta 1 1/2 m. Frá ca. 13.3 m. d. verður basalt- ið frauðkennt og holufyllt með hvítum fyllingum og mol- að með brúnleitum leirfyllingum í sprungum.
- 13.7-13.8 Rauðbrúnt, leirkennt millilag. Sennilega set.
- 13.8-19.0 Basalt - Dulkornótt, rauðbrúnt, blöðrótt og holufyllt með hvítum fyllingum með grænni yfirborðshúð. Nokkuð sprungið með leir í sprungunum. Frá ca. 16.3 m. d. verður basaltið mun þéttara, grátt á lit, finkornótt - með stærri grænum mineralkornum. Stakir ljósir dílar eru í basaltinu mest neðsta 1/2 m. Á bilinu 18.9-19.0 verður lagið aftur frauðkennt og holufyllt.
- 19.0-30.0 Basalt, brúngráleitt, dulkornótt, blöðrótt og holufyllt með hvítum fyllingum. Basaltið verður grárara á lit eftir fyrsta metrann. Kaflar með blöðróttu og þéttara bergi skiptast á án nokkurra sýnilegra marka. Töluvert sprungið með svörtum sprungufyllingum.
- 30.0-33.1 Grátt, dulkornað basalt. Frauðkennt og holufyllt með hvítum fyllingum, sennilega zeolitum. Basaltið er mun þéttara á bilinu 32.0-32.6 m. d. en verður síðan meira blöðrótt aftur. Neðst er basaltið svaigrátt - á lit með grænleitri slikju. Lítið sprungið.
- 33.1-35.6 Basalt- ljósgrátt, frauðkennt og holufyllt með hvítum fyllingum og með grænni yfirborðshúð. Heldur gróf- kornaðra en lagið fyrir ofan. Nokkuð sprungið með hvítum krystallfyllingum. Bergið verður þéttara frá ca. 34 m. d. Neðsta metrann er basaltið svaigrátt að lit með grænleitri slikju. Finkornað mjög þétt og hart. Lítið sprungið og smásprungurlímdar með hvítum útfellingum.

- 35.6-36.3 Efst er lagið svartbrúnt með grænleitri slikju. Korna stærð svipuð og í sandsteini og bergið er hart og stökkt. Frá ca. 35.9-36.3 m. d. er lagið rauðbrúnt og grænleitt og finna. Súrt óskulag.
- 36.3-36.8 Ávalar basaltvölur með grænum leirsteinsfyllingum. Völnar eru fremur "heterogenar". Konglomerat.
- 36.8-44.9 Dökkgrátt, dúlkornótt basalt, smáblöðrótt með dökkum, leirkenndum holufyllingum og hvítum krystallfyllingum (zeolitar). Mjög sprungið með svörtum, leirkenndum fyllingum og örsmáum brennisteinskískristöllum, útfellðum á sprungufleti. Bergið verður smám saman mjög þétt og hart með stökum stórum blöðrum. Basaltið verður aftur frauðkennt við neðri mörkin frá ca. 44.4 m. d.
- 44.9-45.0 Rauðleitt sandsteinslag, mjög hart og stökkt, með dökkum, smáum eitlum í.
- 45.0-57.2 Basalt, rauðbrúnt, frauðkennt og holufyllt með hvítum fyllingum. Fremur grófkornótt. Verður grár á lit frá ca. 46.5 m. d. Bergið er mun þéttara en neðar áregur frá ca. 50 m. d. Þar er bergið dökkgrátt á lit með stærri dökkum kornum. Töluvert sprungið með svörtum sprunguflötum. Frauðkennt neðsta 10 cm. og heldur ljósara á lit.
- 57.2-60.5 Basalt- dökkt, næstum svart, dúlkornótt, stórbloðrótt og holufyllt með zeolitum. Töluvert mikið molað efst og sprungur líndar með hvítum krystallfyllingum. Mun þéttara frá ca. 58.5 m. d. Þar er basaltið dökkgrátt fremur fínkornað með stærri dökkum kornum. Dálítið sprungið með svörtum sprungufyllingum.
- 60.5-66.5 Basalt, brúngráleitt, dúlkornótt, smáblöðrótt með grænni húð í blöðrum og einnig hvítum holufyllingum. Smásprungið og sprungur líndar með hvítum útfellingum. Basaltið er mun þéttara frá ca. 64.5 m. d. dökkgrátt og dúlkornað með stökum, stórum blöðrum með hvítum fyllingum.

- 66.5-76.9 Basalt, dulkornað, ljósgrátt, smáblöðrött með dökkgrænni himnu innan á blöðrum. Nokkuð sprungið og brenni- steinskískrystallar sjást á sprunguflötum. Frá ca. 67.1 m. d. verður basaltið mun þéttara með stökum, stórum blöðrum með hvítum holufyllingum (zeolítar), dökkgrátt, dulkornótt. Bergið er nokkuð sprungið með leirkenndum fyllingum og á stöku stað eru stórir zeolítkrystallar útfelldir á sprungufleti. Neðst er basaltið orðið mjög þétt og hart.
- 76.9-77.6 Basaltbreksía - rauðleit. Dökkgráir frauðkenndir basaltmolar og einnig rauðleitir mjög misstórir, kantadir. Hvítar útfellingar hríslast um bergið og í því eru grænleitar leirfyllingar.
- 77.6-78.5 Tuffkenndur sandsteinn. Rauðgráleitur á lit með smáum dökkum eitlum í.
- 78.5-80.8 Basalt, myndbreytt efst. Grænleitt og rauðleitt, leirkennt á köflum. Frá ca. 79.4 m. d. er basaltið ljósgrátt dulkornað og frauðkennt, smáblöðrött og holufyllt með hvítum fyllingum með grænni yfirborðshúð.
- 80.8-84.5 Breksía - Á bilinu 80.8-83.0 m. d. er breksían gráleit með litlu milliefni. Basaltmolarnir eru dökkgráir, dulkornóttir ýmist þéttir eða blöðröttir og holufylltir. Á bilinu 82.3-83.0 m. d. er þétt, dökkgrátt basalt, sennilega bara stór breksíumolí. Frá ca. 83.0 m d. verður breksían finni, rauðgráleit að lit og tuffkenná. Hvítar mear af útfellingum hríslast um bergið.
- 84.5-100 Dökkgrátt basalt, dulkornað, mjög þétt og hart. Basaltið verður töluvert grófkornaðna er neðar dregur í lagið. Lagið er fremur heillegt, en nokkuð sprungið neðst með svörtum, leirkenndum sprungufyllingum. Stöku stórar sprungur eru í laginu, límdar með zeolítkrýstöllum.

Sýnishorn:

Dýpi í m.

Bakki I:	Bakki II:	Bakki III:	Bakki IV:
0.0	34.3	63.7	83.2
3.2	35.6	66.4	83.9
6.8	35.9	66.6	84.5
10.4	36.1	67.7	84.8
13.2	36.4	71.0	87.5
13.3	36.8	76.8	91.5
13.5	39.4	77.6	96.1
13.6	44.8	77.9	99.8
13.7	44.95	78.4	
13.9	45.1	78.6	
16.4	47.1	79.0	
18.1	51.0	79.5	
19.0	54.0	81.0	
19.0	57.0	81.4	
25.0	57.2	82.2	
29.6	57.4	82.7	
30.0	58.0	82.9	
30.7	59.2	83.0	
31.7	60.5		
33.0			
33.1			
33.7			

Bor: Sullivan III
26.II. '63 - 5.I2.'63

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Jarðhitadeild

Eiðar Öxl
Höla I Jarðlagasnið

3.10. '66 H.K./I.S.

J - Eiðar

Tnr. 4

Fnr. 7587

